

Samstarfsyfirlýsing Samfylkingar,
Pírata, Sósíalístaflokksins,
Flokks fólksins og Vinstri grænna
um lífsgæði í Reykjavík



Húsnæðismál

Hröð húsnæðisuppbygging og örugg heimili fólks eru lykilmál nýs samstarfs í borginni. Efnt verður til sameiginlegrar vinnu Reykjavíkur og verkalýðsfélaga með það að markmiði að stofna félag um þróun nýrra svæða og fara nýjar leiðir við skipulag, uppbyggingu innviða og fjármögnun þeirra.

Hafin verður strax skipulagning fjölbreyttrar uppbyggingar á nýju landi fyrir allt að tíu þúsund íbúðir í Úlfarsárdal og víðar í samstarfi við verkalýðshreyfinguna og óhagnaðardrifið félag.

Við höldum áfram með uppbyggingu á þegar skipulögðum svæðum í samráði við íbúa og ætlum að leita samstarfs við ríkið um uppbyggingu á ríkislóðum. Hugað verður að fjölbreyttu búsetuformi svo sem kjarnasamfélögum (e. co-housing), heimilum á hjólum og smáhýsum.

Við ætlum að vinna markvisst gegn lóðabraski, til dæmis með því að skoða hvernig megi innleiða tímabundnar uppbyggingarheimildir og takmarka endursöluheimildir lóða.

Birta og gæði í uppbyggingu húsnæðis verður sérstakt áhersluatriði í innleiðingu borgarhönnunarstefnu.

Við ætlum að vinna gegn fátækt og ójöfnuði, meðal annars með áherslu á heimili á félagslegum forsendum. Markmið okkar er að stórauka félagslegt leiguhúsnæði miðað við núverandi áætlanir.

Samgöngur

Markmið okkar er að auka ferðatíðni Strætó og bæta þjónustu við farþega, meðal annars með vönduðum biðstöðvum.

Í samræmi við gildandi samkomulag verður flugvöllurinn áfram í Vatnsmýrinni og öryggi hans tryggt meðan leitað verður að nýrri staðsetningu. Öll uppbygging í Skerjafirði verði með hliðsjón af flugöryggi.

Áfram verður unnið að lagningu Borgarlínu samkvæmt Samgöngusáttmálanum og að gerð Sundabrautar. Bílastæðareglur borgarinnar og íbúakortin verða endurskoðuð. Úrbótum í ljósastýringum verður flýtt í samstarfi við Betri samgöngur.

Gönguleiðir barna í hverfum og hjólaleiðir verða bættar til að auka öryggi barna og hjólreiðafólks í umferðinni. Áætlun um gönguvæna borg verður sett í framkvæmd.

Við hefjum undirbúning á uppfærslu aðalskipulags með áherslu á, samgönguinnviði og framtíðaruppbyggingu til næstu áratuga. Þá verður hafið samtal um uppfærslu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Börn og fjölskyldur þeirra

Við viljum bæta starfsaðstæður og vinnuumhverfi í leik- og grunnskólum í samvinnu við starfsfólk, þar með talið hljóðvist og námsgögn.

Skólabjónusta verður eflað með fjölgun sérfræðinga, svo sem talmeinafræðinga og brugðist skjótt við þegar barn í viðkvæmri stöðu þarf stuðning.

Auknum fjármunum verður veitt til skólabókasafna til að stórefla og glæða lestraráhuga barna. Þá verður lögð áhersla á íslenskukennslu barna með annað móðurmál en íslensku í samvinnu við skólasamfélagið.

Við ætlum að fjölga leikskólalássum verulega með opnun nýrra leikskóla og stækkun eldri leikskóla án þess að taka skref í átt að fyrirtækjavæðingu.

Við ætlum að forgangsraða framkvæmdum og fjármunum til íþróttamannvirkja fyrir börn og ungmenni og jafna aðstöðumun kynjanna og hinsegin fólks. Markmið okkar er að bæta aðgengi að íþróttum, menningu og virkni og þátttöku í fjölbreyttu starfi með áherslu á börn í viðkvæmri stöðu.

Unnið verður að breytingum á reglum um frístundakort. Hægt verði að nota frístundakortið til að greiða fyrir sumarnámskeið eða styttri námskeið.

Húsdýragarðurinn verður þróaður áfram sem athvarf fyrir dýr og áætlanir um selalaug fjármagnaðar.

Í sumar ætlum við að lengja opnunartíma sundlauga um helgar og skoða bættu aðstöðu ungra barna og fjölskyldna þeirra í sundlaugum.

Velferð íbúa

Við ætlum að styðja við uppbyggingu ríkisins á hjúkrunarheimilum og bæta heimaþjónustu með aukinni heimahjúkrun og dagþjálfun í samstarfi við ríkið.

Unnið verður heildstætt gegn ofbeldi í samfélaginu með því að fagfólk fari fyrr inn í aðstæður og veiti stuðning strax.

Tryggja þarf mannréttindi allra hópa í samfélaginu og jafnt aðgengi þeirra að borginni og þjónustu hennar. Eins þarf að tryggja viðeigandi stuðning við fatlað fólk, til dæmis með uppbyggingu húsnæðis. Þá þarf að búa heimilislausu fólki öruggt heimili.

Vinum gegn einmanaleika og aukum samveru íbúa á öllum aldri, meðal annars með bættu aðgengi og skipulagðri kynningarstarfsemi í samfélagshúsunum, bókasöfnunum og félagsmiðstöðvum fullorðinna.

Við ætlum að efla samtal við íbúa um alla borg með nýjum og fjölbreyttum lýðræðislegum leiðum og borgarþingum og endurskoða fyrirkomulag íbúasamráðs.

Nýr og öflugur samvinnuvettvangur fjölbreyttra hópa verður skapaður í nýju mannréttindaráði þar sem eldra fólk, fatlað fólk og innflytjendur eiga sæti.

Einnig ætlum við að formgera reglulegt samtal við verkálýðshreyfinguna á vettvangi borgarinnar.

Við ætlum að skerpa á keðjuábyrgð, auka eftirlit með að rétt sé staðið að samningum við þriðju aðila varðandi kjör og starfsaðstæður vinnandi fólks svo koma megi í veg fyrir mögulega misnotkun.

Rekstur Reykjavíkur

Við ætlum að forgangsraða grunnþjónustu, fara betur með tíma og fjármuni borgarinnar og sýna ráðdeild í rekstri. Þá ætlum við að gera upplýsingamál borgarinnar skilvirkari og bæta upplýsingagjöf.

Með nýju og breyttu fyrirkomulagi ætlum við að halda betur utan um viðhald og rekstur eigna borgarinnar.

Stafræn þjónusta

Við viljum efla samstarf við ríki og önnur sveitarfélög um skilvirka nýtingu stafrænna lausna og notkun gervigreindar. Einnig viljum við efla net- og gagnaöryggi í borgarkerfinu.

Við þorum, getum og viljum,

Heiða Björg Hilmisdóttir, Samfylkingunni
Dóra Björt Guðjónsdóttir, Pírötum
Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sócialistaflokki Íslands
Helga Þórðardóttir, Flokki fólksins
Líf Magneudóttir, Vinstri græn